

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 269/2022

2023/EES/31/42

frá 23. september 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1967 frá 11. nóvember 2021 um að koma á fót skyldubundnu gagnasafni og skyldubundnu stafrænu kerfi til upplýsingaskipta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32ga (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/996 í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32gb. **32021 D 1967**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1967 frá 11. nóvember 2021 um að koma á fót skyldubundnu gagnasafni og skyldubundnu stafrænu kerfi til upplýsingaskipta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB (Stjtið. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 160).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/1967, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 160.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.